

Fundur var settur kl.20:00. Hann sátu Júlíana Tyrfingsdóttir leikskólastjóri, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri, Guðrún Hrafnhildur Klemensdóttir formaður, Hugrún Vignisdóttir ritari og Sif Sigurðardóttir meðstjórnandi.

1. Dagur leikskólans á laugardaginn næsta og verður haldið upp á hann á föstudag. Opið hús frá kl.13-15.30. Gera starfið sýnilegt fyrir gesti og gangandi þar sem stöðvar verða í salnum. Hreyfing, tónlist, Lubbi og margt fleira.
2. Lýðræðislestur. Kennarar eru í síðustu lotu og lýkur í lok febrúar. Skemmtilegar vangaveltur sem hafa komið upp og staðfesting á því sem þegar er verið að vinna vel í sambandi við lýðræði. Næsti liður er mat á skólastarfi þar sem hver deild skilar úttekt á lestrinum og hvernig það hefur skilað sér í starfi á deildinni.
3. Starfsmannakönnun frá Skólapúlsinum er í gangi núna og hafa starfsmenn frest til lok febrúar með að svara henni.
4. Starfsmannasamtöl verða í lok mars eða byrjun apríl og gert er ráð fyrir að þau taki mánuð í heildina.
5. Júní er síðasti starfsdagur skólaársins og þá verður matsdagur þar sem unnið verður að umbótaáætlun og starfsskýrslan verður birt í kjölfarið.
6. Í janúar var skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmenn. Verður fast á 2ja ára fresti og næst verður það í janúar 2018.
7. Áætlað er að unnin verði sameiginleg áfallaáætlun fyrir alla leikskóla á svæðinu. Fræðsluteymi starfandi þvert á alla leikskóla. Eru núna að vinna læsisstefnu fyrir sveitafélagið og strax í kjölfarið verður hafin vinna á þessari sameiginlegu áfallaáætlun.
8. Bílastæðamál. Búið að fjarlægja stólpa með bílastæði fatlaðra á miðju bílastæðinu. Stæðin eru því ætluð sem skammtíamastæði. Gísli Davíð og Þorsteinn komu og ræddu við Júlíönu og Guðnýju og ýmsar hugmyndir ræddar. Lagt var til að stæði yrðu sett við hólana. Þau gætu verið nýtt sem starfsmannastæði og bílastæði sem fyrir eru nýtt af foreldrum.
9. Lóðin verður tekin í gegn í sumar. Áætlað að stúka af svæði fyrir minnstu börnin.
10. Foreldrakönnun fór fram þar sem spurt var út í sumarfrí leikskólans. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að flestir vildu að lokað yrði 30.júní til 4.ágúst 2016 og verður það gert.
11. Lokunin kl.16:30 hófst í gær sem og breytingar með morgunmat þar sem börn með vistun frá 7.45-10 borga eitt gjald fyrir morgunmat og ávexti. Uppbrot verður af og til þar sem boðið verður upp á annan morgunmat.
12. Breytingar í eldhúsi skila hagnaði. Maturinn er unninn frá grunni og munu ekki verða breytingar þar á. Gott væri að senda tilkynningu á foreldra varðandi þessar breytingar sem og að vekja athygli á þessu metnaðarfulla starfi og koma því á framfæri til annarra á svæðinu. Hugmynd kom upp í leikskólanum að birta myndir af matnum á facebook síðu foreldrafélagsins. Verið er að vinna í því hjá sveitafélaginu að samræma matseðla að því leyti að það verði amk. sömu fiskidagar en ekki alltaf sami matur.
13. Næstu fundir áætlaðir í apríl og júní.

Ekki var fleira rætt á fundinum.

Fundi slitið kl. 20:50

Hugrún Vignisdóttir, ritari.